

Hagnaður ársins 2006 44,6 milljarðar króna Tvöfaldast frá fyrra ári

Helstu atriði úr reikningum félagsins

- Hagnaður eftir skatt jókst um 158% í 44,6 milljarða króna
- Hagnaður á fjórða ársfjórðungi jókst um 215% í 33,6 milljarða króna
- Heildareignir jukust um 98% í 262,9 milljarða króna
- Eigið fé jókst um 92% í 142,6 milljarða króna
- Arðsemi eigin fjár nam 42,9%
- Eiginfjárlutfall var 54,3%
- Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 15,0 milljarða króna arður sem nemur um 33,7% af hagnaði ársins og 193% af nafnvirði hlutafjár í lok árs 2006

Helstu viðburðir ársins 2006

- Árangursrík breyting á FL Group í hreint fjárfestingafélag með sölu á dótturfélögunum Icelandair Group og Sterling Airlines
- Aukning á hlut í Glitni í 30,4%
- Kaup á 6,0% hlut í AMR Corporation
- Kaup og sala á 22,6% hlut í Straumi-Burðarási
- Hlutur félagsins í Finnair aukinn í 22,4%
- Sala á 16,9% hlut í easyJet
- 47 milljarðar króna í handbæru fé til fjárfestinga

Hannes Smárason, forstjóri FL Group sagði um uppgjörið:

„Árangur FL Group á liðnu ári var einstaklega góður. Með því að dreifa og stýra áhættu félagsins tókst að skila methagnaði og meira en tvöfalda hann frá fyrra ári. Á síðasta ársfjórðungi 2006 seldi FL Group dótturfélög sín, Sterling og Icelandair Group og þar með lauk að mestu fyrirhuguðum breytingum á félaginu þannig að nú er það hreint fjárfestingafélag með sterka fjárhagsstöðu og mikla fjárfestingagetu. Við horfum til ársins 2007 með mikilli bjartsýni og markmið okkar er að ná enn betri árangri en náðist á árinu 2006.“

Lykiltölur úr rekstri

milljónir króna	2006	2005	2004	2003	2002
Rekstrarreikningur					
Fjárfestingatekjur	43,168	22,195			
Rekstrargjöld	-2,770	-1,652			
Hagnaður fyrir tekjuskatt	40,398	20,543	4,318	1,406	3,347
Tekjuskattur	2,631	-3,292	-713	-285	-726
Hagnaður af aflagðri starfsemi	1,531				
Hagnaður tímabilsins	44,559	17,251	3,605	1,121	2,621
Efnahagsreikningur					
Eignir samtals	262,871	132,618	43,482	37,296	36,845
Skuldir samtals	120,195	58,175	28,721	28,086	28,223
Eigið fé samtals	142,676	74,443	14,761	9,210	8,622
Eiginfjárlutfall	54.3%	56.1%	33.9%	24.7%	23.4%
Ávöxtun eigin fjár	42.9%	55.2%	38.0%	13.0%	42.0%
Hagnaður á hlut	6.65	5.90	1.58	0.52	1.21

Yfirlit ársins 2006

Á árinu 2006 lauk FL Group ferli sem hófst á síðasta ári í þá átt að breyta fyrirtækinu í hreint fjárfestingafélag sem beinir sjónum sínum að stórum fjárfestingum í skráðum og óskráðum fyrirtækjum í hinum ýmsu atvinnugreinum, aðallega í Norður Evrópu. Sala á öllum hlutabréfum félagsins í bæði Icelandair Group og Sterling voru mikilvæg skref í þessari breytingu.

Á sama tíma hélt vöxtur FL Group áfram og eignasafnið varð fjölbreyttara. FL Group styrkti stöðu sína í Glitni, Royal Unibrew og Finnair, keypti 6% í AMR Corporation, móðurfélagi American Airlines stærsta flugfélagi heims og eignaðist 49% í drykkjarvöruframleiðandanum Refresco í Hollandi. FL Group hefur nú fjárfest í fjölmörgum atvinnugreinum, í fjármálaþjónustu, flugrekstri, drykkjarvöruframleiðslu og smásölu meðal annars í Noregi, Danmörku, Bretlandi, Bandaríkjunum og Hollandi auk Íslands.

Þetta endurspeglar þann kraft sem í fyrirtækinu býr, sveigjanleika þess og viðhorf til fjárfestinga þvert á bæði atvinnugreinar og landamæri.

Á árinu 2006 opnaði FL Group skrifstofur í bæði Lundúnum og Kaupmannahöfn en á báðum stöðum eygir félagið mikla vaxtarmöguleika. FL Group kom sömuleiðis á fót starfsemi í bæði Hollandi og Noregi til að styðja við rekstur félagsins og fjármögnun þess.

Horfur

Eftir sölu á öllum hlut FL Group í Icelandair Group og Sterling, sölu á hlut félagsins í easyJet og Straumi-Burðarási auk árangursríkrar fjármögnunar á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði, er fjárfestingargeta félagsins mikil enda handbært fé um áramótin hátt í 50 milljarðar króna.

Mikil fjárfestingargeta, ásamt háu eiginfjárlutfalli, eykur sveigjanleika og möguleika fyrirtækisins á meiriháttar fjárfestingum.

Hæfni starfsmanna FL Group, skapandi viðhorf til fjárfestinga, styrkur eignasafnsins og sá kraftur sem í fyrirtækinu býr mun nýtast í að ná enn betri árangri á árinu 2007 en nokkru sinni fyrr.

Yfirlit um rekstur félagsins

FL Group skilaði 44,6 milljarða króna hagnaði eftir skatt á árinu 2006, þar af 33,6 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi.

Heildareignir félagsins námu 262,9 milljörðum króna og hafa aukist um ríflega 130,3 milljarða króna frá fyrra ári. Stærstan hluta þeirrar aukningar má rekja til fjárfestinga í markaðsbréfum. Í lok árs námu eignir FL Group í skráðum markaðsverðbréfum 253 milljörðum króna. Stærsta eign félagsins um síðustu áramót voru hlutabréf í Glitni að andvirði 100,9 milljarðar króna, næst kom eign félagsins í AMR Corporation, 27,6 milljarðar og svo Finnair, en eign félagsins í Finnair nam 23,1 milljarði króna um áramót. Bókfært verð skráðra markaðsverðbréfa FL Group er hinsvegar aðeins 166,3 milljarðar króna þar sem hluti þeirra er í framvirkum samningum þar sem einungis nettóvirði þeirra er fært í ársreikningi félagsins.

Eigið fé FL Group nam 142,7 milljörðum króna í lok árs 2006 og jókst um 68,2 milljarða frá fyrra ári. Aukninguna má að mestu rekja til hagnaðar ársins og útgáfu nýs hlutafjár. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er því mjög sterk, en eiginfjárlutfallið er nú 54,3% sem þýðir að fyrirtækið er einstaklega vel búið undir þau verkefni sem það hyggst ráðast í. Arðsemi eiginfjár var 42,9% miðað við meðalstöðu eiginfjár á árinu.

Við upphaf árs var ákveðið að taka upp krónu sem uppgjörsmýnt í stað bandaríkjadals þar sem stærstur hluti eigna fyrirtækisins var í íslenskum krónum. Í framhaldi af því fjárfesti félagið í erlendum eignum umfram erlendar skuldir. Þetta reyndist félaginu hagstætt þar sem gengi íslensku krónunnar lækkaði.

Fjárfestingastarfsemi


Eignasafn FL Group breyttist verulega á árinu 2006, sérstaklega þegar litið er til skráðra fyrirtækja. Til viðbótar þeim upplýsingum sem taflan hér að neðan sýnir keypti FL Group stóran hlut í Straumi Burðarási um mitt ár og seldi hann aftur í desember.

31 / 12 / 2006		
Fjárfestingar	Markaðsvirði	% eign
Helstu eignir		
Gliitnir	100.892	30,4%
AMR Corporation	27.626	6,0%
Finnair Oyj	23.126	22,4%
Royal Unibrew A/S	14.013	24,4%
Bang & Olufsen A/S	11.834	10,4%
Aktiv Kapital ASA	6.671	13,3%
	184.161	
Stöðutaka í skráðum verðbréfum	68.987	
Fjárfesting í skráðum verðbréfum	253.149	
Fjárfesting í óskráðum verðbréfum	14.819	
Fjárfestingar samtals	267.968	
Fjármagnað með framvirkum samningum	86.807	
Fjárfestingar skráðar á efnahag	181.161	

FL Group jók sömuleiðis fjárfestingar sínar í óskráðum félögum. Fjárfestingar félagsins í Refresco Holding, House of Fraser og Northern Travel Holding eru til vitnis um þá þróun. Rekstur þeirra fyrirtækja hefur verið í samræmi við áætlanir.

Sterk eiginfjárstaða

Eigið fé FL Group jókst verulega á árinu 2006, bæði vegna hagnaðar af fjárfestingastarfsemi og útgáfu nýs hlutafjár sem átti sér stað við erfiðar aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði síðastliðið sumar.



Fjármögnun

Á árinu 2006 aflaði FL Group meira en milljarði evra í fjármögnun með lánum og aðgangi að lánum frá alþjóðlegum bönkum. Þetta sýnir ekki einvörðungu það traust sem FL Group hefur áunnið sér á fjármálamarkaði, heldur er jafnframt um stórt skref að ræða í þróun félagsins, fjármögnun þess og aðgangi að fjármagni til frekari fjárfestinga. Vegna þessa hefur FL Group í lok árs 2006, meiri fjárfestingagetu en nokkru sinni.

Helstu viðskipti ársins 2006

Sala á Icelandair Group

FL Group lýsti því í febrúar að til stæði að skrá Icelandair Group á markað. Í október var meirihluti fyrirtækisins seldur hópi fjárfesta. Hagnaður FL Group af sölnunni nam 26,5 milljörðum króna. Í desember var Icelandair Group skráð í Kauphöll Íslands eftir vel heppnað hlutafjárútböð.

Sala á Sterling / Stofnun Northern Travel Holding

Eftir að hafa snúið við rekstri Sterling og skapað fyrirtækinu stöðugan rekstrargrundvöll seldi FL Group Sterling til Northern Travel Holding í desember fyrir 20 milljarða króna. Á sama tíma stofnuðu FL Group, Fons og Sund Northern Travel Holding sem ætlað er að verða leiðandi ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlöndum. Til viðbótar við Sterling eignast Northern Travel Holding Iceland Express, 51% hlut í leiguflugfélaginu Astraeus, ferðaskrifstofuna Heklu og tæplega 30% hlutafjár í ferðaskrifstofunni Ticket. Velta þeirra fyrirtækja sem koma saman undir hatti Northern Travel Holding er um og yfir 110 milljarðar íslenskra króna og farþegafjöldi 7,5 milljónir.

Kaup á hlutum í Glitni

FL Group er stærsti hluthafi Glitnis. Forsvarsmenn FL Group líta á Glitni sem langtímafjárfestingu og er horft björtum augum til framtíðar félagsins. FL Group á nú ríflega 30% hlut í Glitni og nemur andvirði hans rúmlega 100 milljörðum króna.

Sala á hlutum í easyJet

FL Group byrjaði að kaupa bréf í easyJet – einu stærsta lággjaldaflugfélagi Evrópu - í október 2004. Í apríl tveimur árum síðar var ákvörðun tekin um að selja 16,9% hlut sem FL Group hafði eignast. FL Group hagnaðist um ríflega 13 milljarða króna á fjárfestingunni, en ávöxtun fjárfestingarinnar á ársgrundvelli nam nærri 70% og fór langt fram úr arðsemismarkmiðum félagsins.

Kaup á Refresco Holding

FL Group fór fyrir hópi fjárfesta sem í apríl keypti Refresco, næst stærsta drykkjarvöruframleiðanda í Evrópu á sínu sviði. FL Group á 49% í fyrirtækinu og greiddi fyrir þann hlut andvirði 56 milljónir evra í reiðufé. Rekstur Refresco hefur gengið mjög vel undanfarin ár og hefur fyrirtækið vaxið hraðar en markaðurinn sem það starfar á, eða um 10% á ári á árabílinu 2000 - 2004. Markmið FL Group er að stækka fyrirtækið enn frekar, bæði með innri vexti og samrunum og yfirtökum, sem sumar hverjar eru vel á veg komnar..

Kaup og sala í Straumi-Burðarási

FL Group keypti í júní 24,2% hlut í Straumi-Burðarási og gaf samhliða út nýtt hlutafé að andvirði 35 milljarða króna. Með þessu tókst FL Group að styrkja eiginfjárstöðu sína verulega á þeim tíma þegar fjármagn var af skornum skammti á markaði. Í desember seldi FL Group meirihluta eignar sinnar í Straumi-Burðarási fyrir 42,1 milljarð króna.

Fjárfesting í AMR Corporation

FL Group tilkynnti í desember 2006 að félagið hefði keypt 6% hlut í AMR Corporation, stærsta flugrekstrarfyrirtæki heims. Frá því tilkynnt var um kaupin 26. desember hafa hlutabréf í AMR hækkað umtalsvert.

Kaup á hlutum í Finnair

FL Group jók við hlut sinn í Finnair í desember í tengslum við sölnu á bréfum félagsins í Straumi-Burðarási. FL Group á nú 22,4% hlut í félaginu, en finnska ríkið er stærsti hluthafinn með meirihluta hlutafjár. FL Group telur stöðu Finnair sterka, vaxtarmöguleika mikla og að félagið sé vel staðsett á markaði, einkum þegar horft er til leiðakerfis Finnair austur á bóginn til Asíu.

Fjárfesting í House of Fraser

FL Group tók þátt í kaupum á House of Fraser á árinu ásamt Baugi og fleiri fjárfestum. Félagið var afskráð í kjölfar kaupanna. FL Group á 13,9% í House of Fraser.

Nánari upplýsingar veita:

Hannes Smárason
Forstjóri FL Group
Sími: 591 4400

Kristján Kristjánsson
Forstöðumaður upplýsingasviðs
Sími: 591 44 27 / 899 9352

Sveinbjörn Indriðason
Fjármálastjóri
Sími: 591 4400

Um FL Group

FL Group er fjárfestingarfélag sem sérhæfir sig annars vegar í áhrifafjárfestingum og umbreytingarverkefnum og hins vegar í skammtíamastöðutöku þar sem lögð er áhersla á virka þátttöku á verðbréfamörkuðum. Félagið horfir einkum til Norður-Evrópu í sínum fjárfestingum.

FL Group er skráð í Kauphöll Íslands (ICEX: FL). Í árslok 2006 námu heildareignir félagsins 262,9 milljörðum króna og markaðsvirði þess var 203 milljarðar króna.

Stærstu hluthafar FL Group eru: Oddaflug B.V (19,8%), í eigu Hannesar Smárasonar, forstjóra; Baugur Group (18,2%); Gnúpur fjárfestingafélag (17,2%) og Icon og Materia Invest (10,7%). Í sumum tilfellum eru hlutirnir skráðir á nafn íslenskra fjármálafyrirtækja vegna framvirkra samninga.

Um helstu fjárfestingar FL Group:

Fjárfestingar í skráðum félögum

Glitnir banki www.glitnir.is
Glitnir er íslensk-norsk bankasamstæða sem veitir viðskiptavinum sínum víðtæka fjármálaþjónustu um allan heim. Bankinn er með starfsstöðvar í átta löndum, Íslandi, Noregi, Bretlandi, Lúxemborg, Svíþjóð, Danmörku, Kanada og Kína. Auk almennrar fjármálaþjónustu við viðskiptavini frá heimamörkuðum og sértækrar þjónustu í tilteknum vöruflokkum, leggur bankinn áherslu á þrjár meginstoðir í alþjóðlegum vexti; Matvælaíðnað, með áherslu á sjávarútveg, skipaiðnað, með áherslu á þjónustuskip við olíuiðnað og endurnýjanlega orku, með áherslu á jarðvarma. Glitnir skilaði methagnaði árið 2006. Hlutabréf Glitnis eru skráð í Kauphöll Íslands.

AMR Corporation www.aa.com
AMR Corp. er stærsta flugrekstrarfyrirtæki í heimi. Flugfélögin American Airlines, American Eagle og AmericanConnection þjóna 250 áfangastöðum í 40 löndum og fljúga yfir 4.000 ferðir á dag. Samanlagt ráða þessi félög yfir meira en 1.000 flugvélum. American Airlines, Inc. og American Eagle eru dótturfyrirtæki AMR Corporation. Hagnaður AMR Corporation á síðasta ári var 231 milljón bandaríkjadala.

Finnair www.finnair.com
Finnair var stofnað 1. nóvember 1923. Árið 2005 flutti félagið rúmlega 8,5 milljónir farþega. Starfsmenn fyrirtækisins eru um það bil 9.700. Stærsti hluthafi Finnair er finnska ríkið með 56,3% hlut.

Royal Unibrew www.royalunibrew.com
Royal Unibrew er annar stærsti drykkjarvöruframleiðandi Skandinavíu. Samstæðan samanstendur af fjórum dönskum, tveimur litháenskum, tveimur pólskum og tveimur lettneskum drykkjarvöruframleiðendum. Meðal vörumerkja eru Albani, Faxe, Ceres, Maribo og Thor í Danmörku og Taurus og Kalnapilis í Litháen. Starfsmenn Royal Unibrew eru um um 2.300 víða um heim og félagið flytur út framleiðslu sína til um 65 landa.

Bang & Olufsen www.bang-olufsen.com
Bang og Olufsen er heimsþekkt vörumerki, samstæðan þróar, framleiðir og selur hljóm- og myndflutningslausnir. Félagið velti um 4,2 milljörðum danskra króna árið 2005.

Aktiv Kapital www.aktivkapital.com
Aktiv Kapital er fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig í innheimtu á viðskiptakröfum. Starfsemi félagsins skiptist í þrennt, kaup á lánasöfnum sem komin eru í vanskil, innheimta viðskiptakrafna og umsýsla reikninga. Hjá félaginu starfa 925 manns í 11 löndum. Á árinu 2005 námu tekjur Aktiv Kapital um 14,3 milljörðum íslenskra króna króna og hagnaður eftir skatta nam um 2,5 milljörðum íslenskra króna.

Fjárfestingar í óskráðum félögum

Refresco

www.refresco.nl

Hjá Refresco starfa um 1.200 manns í 5 löndum en félagið er annar stærsti framleiðandi á ávaxtasöfum og svaladrykkjum undir vörumerkjum verslana (e. private label) í Evrópu. Helstu markaðssvæði félagsins eru Þýskaland, Frakkland, Spánn, Portúgal, Holland og Finnland. Um 65% framleiðslunnar er undir merkjum verslana.

Northern Travel Holding

Northern Travel Holding var stofnað í desember og er ætlað að verða leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Innan Northern Travel Holding eru flugfélögin Sterling og Iceland Express, 51% hlutur í breska leiguflugfélaginu Astraëus, 29,26% hlutur í sænsku ferðaskrifstofunni Ticket sem skráð er á sænska hlutabréfamarkaðinn og allt hlutafé í dönsku ferðaskrifstofunni Hekla Travel. Eigendur fyrirtækisins eru Fons, FL Group og Sund.

House of Fraser

House of Fraser er eitt þekktasta vöruhús Bretlands og rekur 61 vöruhús, ýmist undir eigin nafni eða öðrum, svo sem House of Fraser, Fraser, Howells, Dickins & Jones, Rackhams, Army & Navy, Jenners og Beatties. Að auki selur House of Fraser eigin vörumerki svo sem Linea og Therapy. FL Group á 13,9% hlut í House of Fraser.

Unity Investment

Unity Investments er fjárfestingafélag í eigu FL Group, Baugs og Kevins Stanford. Meginmarkmið félagsins er kaup á hlutum í skráðum félögum, sérstaklega smásölufyrirtækjum í Bretlandi. Unity á sem stendur hlut í nokkrum slíkum fyrirtækjum, s.s. French Connection, Moss Bros og Woolworths. FL Group á 37,5% hlut í Unity.